Karlotta Helgadóttir

To: Auður D. Kristinsdóttir
Subject: RE: Orkuskipti í Kópavogsbæ

From: Þóra Kristín Þorkelsdóttir <Thora.Kristin.Thorkelsdottir@or.is>
Sent: miðvikudagur, 20. september 2023 14:54
To: Auður D. Kristinsdóttir <audurdk@kopavogur.is>
Subject: Orkuskipti í Kópavogsbæ

Góðan daginn

Við höfum verið í vinnu við það að fá leyfi fyrir dreifistöðvum vegna orkuskipta í Kópavogi.
Um er að ræða dreifistöðvar á einkalóðum bensínstöðva.

Eins og staðan er núna þá er ferlið að taka langan tíma og málin stranda af ýmsum ástæðum svo sem kröfu um deiliskipulagsbreytingar.

Við sendum því hér með fyrirspurn um hvort hægt sé að opna á samtal um að straumlínulaga ferlið betur svo þetta geti gengið hraðar fyrir sig.

Draumastaðan fyrir okkur væri sú að dreifistöðvarnar væru einungis tilkynningaskyldar með fyrir fram ákveðnum fresti fyrir athugasemdir af ykkar hálfu.

Önnur tillaga væri ef til vill sú að sótt yrði um byggingarheimild fyrir stöðvunum í stað byggingarleyfis, og að mæliblöð yrðu svo uppfærð með kvöð um tilvist stöðvanna og lagna.

Að öðrum kostum óskum við eftir tillögum frá ykkur um mögulegt ferli sem væri skilvirkara og gengi hraðar fyrir sig.

Að okkar mati teljum við mikilvægt að við vinnum í góðu samstarfi með sveitarfélögum til þess að geta veitt þessa grunnþjónustu á sem bestan og skilvirkastan hátt.

Kær kveðja / Best Regards,

Þóra Kristín Þorkelsdóttir
Sérfræðingur lóða og lendna / Land and Lots Specialist
Sími / Tel: +354 516 6100 | Farsími / Mobile: +354 6980947 | Netfang / E-mail: Thora.Kristin.Thorkelsdottir@or.is
Orkuveita Reykjavíkur / Reykjavik Energy | www.or.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Fyrirvari / Disclaimer: http://www.or.is/fyrirvaridisclaimer

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026